



Til bæjarráðs

Kópavogi, 15. apríl 2024
23092222/003.04

Efni: Héraðsskjalasafn Kópavogs: Fyrirspurn frá bjarfulltrúunum Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur, Bergljótu Kristinsdóttur og Theodóru S. Þorsteinsdóttur.

Á fundi bæjarráðs þann 11. apríl sl. lögðu bjarfulltrúar fram eftirfarandi tillögu og fyrirspurn:

"Undirritaðar óska eftir frestun og: Óska eftir kostnaðaráætlun vegna bæði flutnings safnkostsins og varðveislu hans í Þjóðskjalasafni. Óska eftir upplýsingum um hver áform eru um þau gögn sem tilheyra munasafni og handbókasafni sem heyra undir Héraðsskjalasafn Kópavogs. Óska eftir upplýsingum um umfang þeirra gagna sem hefur borist Héraðsskjalasafni Kópavogs síðan yfirlit um safnkost var tekið saman fyrir rúmu ári. Óska eftir uppfærðri afhendingaráætlun gagna frá Héraðsskjalasafni Kópavogs til Þjóðskjalasafns. Sigurbjörg Erla Egilsdóttir Bergljót Kristinsdóttir Theodóra S. Þorsteinsdóttir"

Bæjarráð féllst ekki á frestun málsins en fól bæjarritara að svara fyrirspurn bjarfulltrúa.

1. Óskað er eftir kostnaðaráætlun vegna bæði flutnings safnkostsins og varðveislu hans í Þjóðskjalasafni.

Ekki liggur fyrir hver kostnaður verður af flutningi safnkostsins sem mun verða fluttur á vörubrettum í sendiferðabíl. Þá veltur endanlegur flutningskostnaður á því hversu mikil vinna við skráningu og pökkun skjala verður unnin af starfsmönnum Kópavogsbæjar. Þegar þetta er ritað er gert ráð fyrir því að starfsmenn safnsins muni sinna skráningu og pökkun. Einungis er búið að skrá um þriðjung þeirra skjala sem afhent hafa verið safninu. Þá kann að vera að fyrirkomulag afhendingar verði í minni einingum, t.a.m. 1-2 vörubrettum í senn. Yrði svo myndi kostnaður á hverja slíka einingu nema kostnaði við lítinn sendibíl innan höfuðborgarsvæðisins. Talið er að safnkosturinn rúmist á um 150 vörubrettum.



Samkvæmt gildandi gjaldskrá Þjóðskjalasafns er varðveisla pappírsskjala pr. hillumetra kr. 6000,- á ári. Varðveisla safnkost Héraðsskjalasafnsins, sem telur um 2000 hillumetrar (skjöl afhendingaskyldra aðila og einkaaðila), yrði samkvæmt því um kr. 12.000.000,- á ári.

Rétt er að taka fram að von er á breytingu á gjaldskrá Þjóðskjalasafns og að þeim verði í lögum veitt auknar heimildir til gjalddtöku.

2. Óskað er eftir upplýsingum um hver áform eru um þau gögn sem tilheyra munasafni og handbókasafni sem heyra undir Héraðsskjalasafn Kópavogs

Héraðsskjalasafn Kópavogs er opinbert skjalasafn sem starfar samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 284/1994. Hlutverk þess er skv. 3. gr. samþykktar safnsins að annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala, skrásetja þau og gera aðgengileg notendum og á allan hátt leitast við að varðveita og efla þekkingu á sögu síns umdæmis.

Hlutverk Héraðsskjalasafnsins er því ekki að safna eða varðveita muni eða aðrar minjar sem kunna að hafa sögulegt gildi fyrir Kópavogsbúa, ekki er því um að ræða munasafn sem heyrir undir Héraðsskjalasafnið.

Jarðfundnir forngripir, lausafundir eða gripir sem finnast við fornleifarannsóknir eru eign íslenska ríkisins og varðveitast í Þjóðminjasafni Íslands eða hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Héraðsskjalavörður hefur haft milligöngu um að koma jarðfundnum gripum sem eru í geymslu á vegum sveitarfélagsins í hendur Þjóðminjasafns.

Sögufélag Kópavogs, sem eru félagasamtök, hefur haft veg og vanda að því að safna munum og minjum er tengjast sögu Kópavogs. Eru þeir munir varðveittir í geymslu í eigu Kópavogsbæjar. Ef hlutirnir geta talist til fornminja, skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar, þarf að hafa samráð við Þjóðminjasafn um afdrif þeirra og varðveislu. Sögufélaginu er í sjálfsvald sett hvernig munum sem ekki uppfylla þau skilyrði að teljast til fornminja verður ráðstafað. Með tilliti til menningararfs Kópavogsbúa er æskilegt að samtal eigi sér stað við Sögufélagið um aðkomu sveitarfélagsins að varðveislu þeirra muna sem hafa gildi fyrir sögu sveitarfélagsins

Handbóka Héraðsskjalasafns Kópavogs eru um 1000 hillumetrar. Þar er að finna handbækur og hliðsjónarrit, m.a. að bæjarblöð sérstaklega útgefin í Kópavogi og fágæt smáprent úr stjórnslu sveitarfélagsins og bæjarlífinu. Þjóðskjalasafn Íslands hefur yfir að ráða handbókasafni sem er á lestrarsal safnsins fyrir notendur. Ef í handbókasafni Héraðsskjalasafns Kópavogs er útgefið efni sem Þjóðskjalasafn telur nauðsynlegt að sé í bókasafni stofnunarinnar vegna safnkosts sem verður færður frá Kópavogi, er æskilegt að slíkar bækur fylgi til Þjóðskjalasafns með yfirfærslu safnkostsins. Þær handbækur sem Þjóðskjalasafnið telur ekki nauðsynlegt að fylgi með verða metnar með það í huga hvort þær eigi heima á Bókasafni Kópavogs eða hvort þeim beri að skila til



Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á grundvelli skylduskila prentaðra rita sem ekki er að finna annarsstaðar til Landsbókasafnsins.

3. Óska eftir upplýsingum um umfang þeirra gagna sem hefur borist Héraðsskjalasafni Kópavogs síðan yfirlit um safnkost var tekið saman fyrir rúmu ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Héraðsskjalasafni hafa 13 afhendingar átt sér stað eftir að ákveðið var að leggja niður starfsemi safnsins. Þetta eru bæði gögn afhendingaskyldra aðila og einkaaðila. Umfangið er um 16 hillimetrar og hefur ekki áhrif á þær tölur um fjölda hillimetra sem þegar hafa verið gefnar upp enda hefur héraðsskjalavörður gert fyrirvara um þær tölur, þ.e. að ekki sé hægt að gefa upp fjölda hillimetra með 100% nákvæmni að svo stöddu.

4. Óska eftir uppfærðri afhendingaráætlun gagna frá Héraðsskjalasafni Kópavogs til Þjóðskjalasafns

Slík áætlun liggur ekki fyrir en fyrirliggjandi áætlun verður uppfærð þegar fyrir liggur hvort einkaskjalasöfn og myndir verði hluti af þeim skjölum sem afhent verða með öðrum safnkosti.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Mátsson
bæjarritari